

Reykjavík 26. nóvember 1997

Alþingi

Erindi nr. Þ 122/301

komudagur 27.11.1997

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

BSRB hefur borist til umsagnar þingmál nr. 249, skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Síðustu misserin hefur BSRB fylgst með og tekið þátt í umræðu um framtíðarskipan lífeyrissjóða í landinu almennt og þá sérstaklega með tilliti til lífeyrismála opinberra starfsmanna. Hefur BSRB haldið fram sjónarmiðum um nauðsyn samtryggingar og að hlutur hennar verði ekki skertur, miðað við það sem nú tíðkast. Ástæða er til að vara við því að grafa undan því lífeyriskerfi, sem er í myndun hér á landi og er nú horft til sem fyrirmyndar frá öðrum löndum.

BSRB telur mjög mikilvægt að sú málamiðlun milli sjónarmiða hefur tekist, sem frumvarp þetta felur í sér. Þá telur BSRB telur mikilvægt að frumvarp þetta gerir í engu ráð fyrir breytingu á nýsettum lögum um Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna að undantekinni 3. mgr. 14. greinar. BSRB fagnar sérstaklega eftirlitshlutverki því, sem ríkisskattstjóra er falið í 6. grein frumvarpsins.

BSRB vekur athygli á því að nú fara fram viðræður milli BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framtíðartilhögun lífeyrismála hjá starfsmönnum sveitarfélaga. Ljóst er að stærðarmörk þau, er getið er um í 21. grein kallar á sérstakar ráðstafanir gagnvart lífeyrissjóðum sveitarfélaga. BSRB varar við því að tímatakörk, sem sett eru í þessu sambandi gætu verið of knöpp og mikilvægt að virða sjónarmið einstakra sjóða í þessum efnum.

Hvað varðar einstakar greinar telur BSRB til boga að nefnd skuli lágmarksupphæðin 120 þúsund því sú hættu er fyrir hendi að sú upphæð verði notuð sem almenn viðmiðun fremur en lágmark, þegar upp er staðið.

BSRB varar við notkun heimildar til mismunandi ávinnslu réttinda eftir aldri, enda mundi notkun hennar fljótlega leiða til kröfu um heimild til mismunandi ávinnslu eftir öðrum tryggingafræðilegum breytum svo sem kyni. Þá hefur BSRB áður gagnrýnt lögbindingu hámarksávöxtunar fjármuna lífeyrissjóða sem og annarra fjármálastofnana sbr. 36. gr.

BSRB lýsir hins vegar harðri andstöðu við II. ákvæði til bráðabirgða með frumvarpi þessu. Það er góðra gjalda vert að fylgjast reglubundið með þróun lífeyrismála í landinu. En hins vegar er það vægt sagt óvarlegt að boða sérstakar aðgerðir til breytinga á lífeyrissjóðum eftir jafn stuttan tíma og hér er gert og með þeim markmiðum sem hér er lýst. Það er mikilsvert að skilja að lífeyrissparnað verður að hugsa í hálfum og heilum öldum. Það er afar brýnt að umhverfi lífeyrissparnaðar

einkennist af formfestu og stöðugleika, en liggi ekki undir stöðugri óvissu, svo ekki sé sagt uppnámi. Sú mikla umræða, sem orðið hefur um A- og B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hefur undirstrikað mikilvægi þessa, því hvarvetna hefur verið spurt hvort unnt sé að treysta því að lífeyrissjóðnum verði ekki breytt á nýjan leik.

f.h. BSRB


Svanhildur Háldórsdóttir